

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1867  
komudagur 11.4.2002



Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

10.4.2002

### Frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar

Orkuveita Reykjavíkur þakkar Iðnaðarnefnd fyrir að fá tækifæri til að senda inn umsögn sína um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Orkuveita Reykjavíkur hefur kynnt sér efni frumvarpsins og hefur almennt séð ekkert við frumvarpið að athuga en bendir þó á að verðlækkun með niðurgreiðslum skekkir verðskyn neytenda og að mörguleiti er hentugra að nota önnur form á aðstoð við svæði sem búa við hátt orkuverð.

Orkuveita Reykjavíkur hefur eftirfarandi ábendingar um fáein sértæk atriði:

1. Orkuveita Reykjavíkur hefur um árabil niðurgreitt rafmagn til þeirra húseiganda á orkuveitusvæði sínu sem hita heilsársíbúðir sínar með rafmagni og óarðbært er að tengja við hitaveitu. Viðskiptavinum okkar sem uppfylla þessi skilyrði hefur ekki staðið til boða niðurgreiðslur ríkisins vegna þess að íbúðirnar eru innan hitaveitusvæðis. Frumvarpið hins vegar tekur til íbúða sem eru á veitusvæði hitaveitu og hitaðar eru með raforku enda sé óhagkvæmt að tengja þær hitaveitu. Það er skilningur Orkuveitu Reykjavíkur að áður nefndir viðskiptavinir hennar eigi kost á þeim niðurgreiðslum sem boðaðar eru í frumvarpinu, að uppfylltum skilyrðum í reglugerð sem Iðnaðarráðherra setur. Jafnframt skilst Orkuveitu Reykjavíkur að veitan og viðkomandi viðskiptavinir eigi kost á styrkjum frá Iðnaðarráðuneyti sem nemi niðurgreiðslum til fimm ára, til að tengja áður nefndar íbúðir við hitaveitu. Þessu fagnar Orkuveita Reykjavíkur heilshugar.
2. Iðnaðarráðherra mun samkvæmt frumvarpinu ákveða ár hvert upphæð niðurgreiðslu í raforku í kr/kWst og einnig hámarksfjölda kWst sem niðurgreiða á fyrir hverja íbúð. Gera má ráð fyrir að upphæðir verði breytilegar frá ári til árs og því kemur þetta til með að leiða af sér talsverða umsýslu dreifiveitna við reikningagerð.
3. Í ljósi tveggja síðustu málsgreina hér að ofan telur Orkuveita Reykjavíkur eðlilegt að Orkustofnum sjái um greiðslur til viðkomandi viðskiptavina líkt og boðað er að verði með niðurgreiðslur á olíu. Þau aðföng sem Orkustofnun þarf að byggja upp til að rækja sitt eftirlitshlutverk geta hæglega nýst til úthlutunar niðurgreiðslanna beint til viðkomandi viðskiptavina í stað þess að gera slíkt í gegnum dreifiveitur.

Virðingarfyllst,

